

TENGLI HUGTAKSINS „RÁÐGJARN PERSÓNULEIKI“ OG FORDÓMA

Sigríður Karlsdóttir

Um miðja síðustu öld komu fram hugmyndir um að persónuleikaeinkenni fólks gætu skýrt það að sumir eru fordómafullir en aðrir síður. Áhrifamikil rannsókn í þessa veru var gerð af hópi fólks undir stjórn Adorno. Þeir mótuðu hugtakið um „hinn ráðgjarna persónuleika“ (Authoritarian Personality), sem einkenndi þá sem voru fordómafullir umfram hina sem voru það ekki.

Höfundur greinarinnar skoðar tilurð hugtaksins, megininntak þess og gagnrýni á það.

INNGANGUR

Grunnur kynþáttahyggju felst í því að manningur er skipt í kynstofna.¹ Samkvæmt þeirri skiptingu tilheyrir ákveðin einkenni hverjum kynstofni, hvort sem um er að ræða líkamleg eða andleg einkenni.² Þá er áætlað að allir þeir einstaklingar sem taldir eru tilheyrir ákveðnum kynstofni hafi þá eiginleika fram að færa, hvort sem þeir eru taldir jákvæðir eða neikvæðir. Einstaklingum er þannig skipt upp í hópa og þeim úthlutað sameiginlegum einkennum sem aðgreina þá frá öðrum hópum, þ.e. öðrum kynþáttum. Slík einkenni geta til að mynda verið höfundslitur eða greindarfar.

Uppruni kynþáttahyggju hefur verið mörgum fræðimönnum hugleikin og talið er að honum megi skipta á tvo vegu. Annars vegar er talið að uppruni hennar liggja í félagslegum þáttum og hins vegar í sálrænum þáttum.³ Hinn ráðgjarni persónuleiki fellur undir hið fyrri, þar sem að einkenni hans byggjast á því að fá útrás fyrir bæðar tilfinningar, í forni fordóma gagnvart öðrum.⁴ En á hvaða hátt má lýsa því yfir að ráðgjarnir einstaklingar séu fordómafullir? Svarið við þeirri spurningu má finna í rannsókn fræðimannanna T.W Adorno, Else Frenkel-Brunswik, Daniel J. Levinson og R. Nevitt Sanford, um hinn ráðgjarna persónuleika og eiginleika hans. Bók þeirra, *The Authoritarian Personality*, vísaði í ítarleg og vísindaleg rök til stuðnings staðhæfingar þess að tengsl séu á milli persónuleika hins ráðgjarna einstaklings og kynþáttahyggju. Ofangreind rannsókn Adorno og félaga

markaði þáttaskil í rannsóknnum á fordómum og vakti mikla athygli.⁵ En öllu skal taka með fyrirvara. Gat verið að Adorno og félagar hefðu rangt fyrir sér? Að hinn ráðgjarni persónuleiki væri alls ekki ástæðan fyrir því að fólk væri fordómafullt? Til þess að svara þeim spurningum mun ég skoða þá gagnrýni sem rannsókn þeirra hefur hlotið.

UPPHAF HUGMYNDA UM „HINN RÁÐGJARNA PERSÓNULEIKA“

Á þriðja áratug 20.aldar upphófst kreppa sem hafði gífurleg áhrif á hagkerfi heimsins.⁶ Hún hafði áhrif innan allra stétta en þó sérstaklega mikil áhrif á það fólk sem tilheyrði verkalýðsstéttinni, sökum atvinnuleysis og fátæktar. Marxískir hugmyndafræðingar þess tíma væntu þess að meðlimir verkalýðsstéttarinnar myndu taka sig saman og gera uppreisn gegn hinu kápítalíska kerfi. Hins vegar, þvert gegn væntingum þeirra, leiddu rannsóknir í ljós undirgefni og samsömun lífildmagnarans við sterka leiðtoga, sem voru mótfallnir kommúnismanum.⁷ Rannsókn sálfræðingsins Erich Fromm var þar einna helst áhrifamest.⁸ Hann þróaði

⁵ Martin Roiser og Carla Willig, „The strange death of the authoritarian personality: 50 years of psychological and political debate,“ bls. 72.

⁶ Jan Baars og Peer Scheepers, „Theoretical and methodological foundations of the authoritarian personality,“ bls. 346.

⁷ Jan Baars og Peer Scheepers, „Theoretical and methodological foundations of the authoritarian personality,“ bls. 346.

⁸ Jan Baars og Peer Scheepers, „Theoretical and methodological foundations of the authoritarian personality,“ bls. 346.

¹ Jóhann M. Hauksson, *Kynþáttahyggja*, bls. 7.

² Jóhann M. Hauksson, *Kynþáttahyggja*, bls. 7.

³ Jóhann M. Hauksson, *Kynþáttahyggja*, bls. 113.

⁴ Jóhann M. Hauksson, *Kynþáttahyggja*, bls. 116.

YFIRLIT

Inngangur 30

Upphaf hugmynda um „hinn ráðgjarna persónuleika“ 30

Rannsókn á hinum ráðgjarna persónuleika 31

„Ráðgjarn persónuleiki“ er rasisti 32

Gagnrýni á hugtakið 34

Niðurstöður 36

Heimildaskrá 36

spurningalista fyrir verkamenn og opinbera starfsmenn til þess að kanna samræmi á milli svara þátttakendanna og eðli spurninganna. Markmið hans var að greina sameiginleg einkenni þátttakenda, eftir slíku samræmi, og flokka þátttakendurna eftir þeim einkennum. Eftirtekt Sigfried Kracauer á hegðun opinberra starfsmanna, þar sem þeir töldu sig æðri en verkamennina, var hvati Fromm að rannsókninni. Niðurstöður hennar leiddu til þess að Fromm færði fram skilgreiningu á þremur mismunandi týpum manna, róttæka týpu, málamíðlunar týpu og ráðgjarna týpu. Honum var helst umhugað um þann fjölda fólks sem tilheyrði ráðgjörnu týpunni. Hann lýsti persónuleika þeirra sem íhaldsómum og undirgefnum. Hann taldi að það fólk sem tilheyrði hópi ráðgjörnu týpunnar hefði tilfinningalega þörf til þess að vera undirgefnið sterkum leiðtogum, sem þeir dáðust að. Leiðtogarnir voru í þeirra augum tákn valds og styrkleika og ráðgjarnir persónuleikar höfðu mikla þörf fyrir að samsama sig slíku yfirvaldi, til þess að öðlast öryggi og styrk.

Fromm taldi mikilvægt að þróa kenningu sína um ráðgjarnan persónuleika ítarlegar út frá hugmyndafræði Marxískra fræðimanna „en með sjónarhorni kenninga sálfræðingsins Sigmund Freud.“⁹ Hann taldi að sálfræðileg sjónarmið myndu veita betri innsýn í ástæður þess að hin undirokaða stétt lyti valdi ráðandi stéttar, að sálfræðileg sýn yrði til þess að varpa betra ljósi á sambandi milli tilveru og vitundar hinna undirokuðu einstaklinga. Grundvöllur þeirrar kenningar, sem hann lagði fram, var sá að hugmyndafræðilegt val einstaklinga væri réttlætning á ómeðvitaðum hvötum og óskum þeirra. Hann hélt því fram að það væri fjölskylda einstaklingsins sem hefði áhrif á myndun persónuleika hans og að áhrif foreldra væru þar ráðandi.

Kenning Fromm byggði einnig á þeirri hugmynd að undirgefni einstaklings væri eðlileg í borgaralegum samfélögum. Einstaklingur væri

⁹ Jan Baars og Peer Scheepers, „Theoretical and methodological foundations of the authoritarian personality“, bls. 347.

upphaflega undirgefni valdi föður síns, síðarmeir valdi kennara og að lokum yfirvaldi þess ríkis sem hann bjó í. Hann túlkaði afstöðu slíkrar undirgefni sem merki um veikt sjálf sem hefði þörf fyrir sterkt yfirsjálf, til þess að bæla ómeðvitaða hvatir. Afleiðing slíks ferli væri sú að tilhneiging til undirgefni myndi jafnt og þétt aukast með tímanum. Fromm taldi að á endanum myndi sú aukning leiða til þess að sú ráðandi hugmyndafræði sem einstaklingur lyti tæki við af samvisku hans. Ráðgjarn einstaklingur myndi því blindandi fylgja þeim gildum og viðmiðunum sem í slíkum hugmyndum fælist.

Fromm taldi að einkenni hins ráðgjarna persónuleika, eða ráðgjarna masókista líkt og hann kaus að nefna það, bæru vott um ákveðnar tilhneigingar.¹⁰ Þær voru helst undirgefni við yfirvald, yfirgangur gagnvart veikari hópum, sem hefðu ekki tilhneigingu til undirgefni, og þá trú að eigin örlög væru ákvörðuð af yfirnáttúrulegum mætti.

Fromm áleit einnig að hinn ráðgjarni persónuleiki leitaði allra leiða til þess að öðlast öryggi.¹¹ Hann nefndi þrjá möguleika í því skyni. Hinn fyrsti fólst í því að „flýja undan frelsi“ í þeim tilgangi að öðlast öryggi.¹² Á þann hátt væri einstaklingurinn að hlaupa undan eigin sjálfi undir verndarvæng valds sem gæti veitt honum það öryggi sem hann taldi ekki möguleika á að upplifa af eigin hendi. Fromm taldi einnig möguleika á því að hinn ráðgjarni persónuleiki leitaðist eftir því að beina óvild sinni gegn öðrum hópum undir yfirsýni þeirra viðhorfa sem valdboði hans byggir yfir, og þess í stað öðlaðist hann vernd og öryggi. Þannig væru til að mynda fordómar ekkert annað en tilhneiging til þess að stjórna af þeirri hugmyndafræði sem yfirvald hins

¹⁰ Jan Baars og Peer Scheepers, „Theoretical and methodological foundations of the authoritarian personality“, bls. 347.

¹¹ Jan Baars og Peer Scheepers, „Theoretical and methodological foundations of the authoritarian personality“, bls. 347.

¹² Jan Baars og Peer Scheepers, „Theoretical and methodological foundations of the authoritarian personality“, bls. 347.

ráðgjarna persónuleika boðar, í því skyni að uppfylla þörf einstaklings að tilheyra slíku yfirvaldi. Hinn þriðji möguleiki sem Fromm áleit að ráðgjarn persónuleiki gæti aðhyllst, í því skyni að öðlast öryggi, fólst í sjálfkrafa hlýðni á hefðbundnum gildum, samkvæmt skilningi valdboða hans.

RANNSÓKN Á HINUM RÁÐGJARNA PERSÓNULEIKA

Eftir að Fromm hafði komið fram með kenningu sína að hinum ráðgjarna persónuleika hófu fræðimennirnir Adorno, Brunswik, Levinson og Sanford ítarlega og sögulega rannsókn á viðfangsefninu sem birtist að lokum í bók þeirra *The Authoritarian personality*.

Hugmyndir Adorno og félagar um uppbyggingu persónuleikans byggðust einnig, líkt og hjá Fromm, að stórum hluta á verkum Sigmunds Freud.¹³ Kenning þeirra bar með sér að öfl persónuleikans lægu í grundvallaratriðum í þörfum einstaklingsins, nánar tiltekið líkamlegum hvötum þeirra, óskum og tilfinningalegum hvötum. Slíkar þarfir væru misjafnar meðal manna og þeim væri einnig misjafnlega fullnægt meðal hvers og eins.

Í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar veltu margir fræðimenn fyrir sér hvers vegna fasismi hefði öðlast jafn mikið fylgi og raun bar vitni.¹⁴ Síðari heimsstyrjöldin hafði leitt í ljós að ráðgjarnir persónuleikar voru móttækilegir fyrir hugmyndafræði nasisma, þar sem gyðingahatur og þjóðhverfur hugsunarháttur voru ráðandi öfl.¹⁵

Í rannsókn Adorno og samstarfsfélaga hans, sem upphaflega átti að kanna ástæður gyðingahaturs, lögðu þeir upp með kenningu þess efnis að hugmyndafræði manna væri bundin

¹³ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 5.

¹⁴ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 1.

¹⁵ Jan Baars og Peer Scheepers, „Theoretical and methodological foundations of the authoritarian personality“, bls. 348.

ákveðnu mynstri og að slíkt mynstur væri í raun tjáning á kenndum sem lægu djúpt í persónuleika mannsins.¹⁶ Adorno og samsstarfsfélagar hans töldu að gyðingahatur tengdist almennara, neikvæðu, viðhorfi einstaklinga gagnvart hverskyns minnihlutahópum, ásamt hagstæðu viðhorfi þeirra til þess hóps sem þeir töldu sig tilheyra. Þeir töldu fordóma byggja á hugmyndum hópa og tengslum innan hópa.¹⁷ Í því skyni gerðu rannsakendurnir greinamun á *innhópum*, þeim hópum sem einstaklingur taldi sig tilheyra, og *úthópum*, þeim sem einstaklingur samsamaði sig ekki og áleit einnig í hugmyndafræðilegri andstöðu við eigin hóp (innhóp). Úthópar voru víðfangsefni neikvæðra skoðana og óvinveittra viðhorfa, en innhópar voru hinsvegar víðfangsefni jákvæðra skoðana og ógagnrýnna viðhorfa. Úthóparnir voru álitnir, samkvæmt ráðgjörnum persónuleikum, félagslega óæðri innhópum. Slíkir hópar gátu afmarkast af þjóðerni, trú eða litarhætti, allt eftir þeim forsendum sem einstaklingur skilgreindi sjálfan sig út frá.

Kenning Adorno og samstarfsmanna hans fólst í þeirri sannfæringu að ráðgjarn persónuleiki byggði á ákveðnum strúktur, sem lægi innan persónuleikans. Sá strúktur hefði þau áhrif að sá einstaklingur, sem yfir honum byggði, væri móttækilegri fyrir áróðri gegn úthópum.¹⁸ Hins vegar væri það fólk, sem ekki hefði yfir slíkum strúktúr að bera, ekki álíka móttækilegt fyrir fordómum. Þeirra markmið var því að kanna hvort hægt væri að koma auga á ákveðið mynstur sem einkenndi hinn ráðgjarna persónuleika og kanna í þau hvernig eiginleikar þess mynstur væru.¹⁹ Ofangreindir fræðimenn töldu að engar kenndir ógnuðu hefðbundnum gildum meira en þær sem tengdust fasisma og

¹⁶ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 1.

¹⁷ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 104.

¹⁸ Jan Baars og Peer Scheepers, „Theoretical and methodological foundations of the authoritarian personality,“ bls. 345.

¹⁹ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 1.

að vitneskja um mátt persónuleika sem hygldi viðurkenningu slíks hugarfars gæti reynst gagnleg í að kljást við þann vanda sem af honum stafaði. Þeir gerðu ráð fyrir því að með því að kanna skoðanir, viðhorf og gildi fjölda einstaklinga myndu þeir uppgötva sameiginleg mynstur.²⁰

Adorno og samstarfsmenn hans framkvæmdu því mjög ítarlega rannsókn sem byggði á bæði eigindlegum og megindelegum aðferðum. Markmið þeirra var að mæla fordóma þáttakenda án þess að slíkt markmið væri hinum síðarnefndu sýnilegt í rannsókninni og án þess að tilgreina í orðum heiti eða tegundir úthópanna.²¹ Þeir hófu rannsóknina á því að leggja fram spurningalista fyrir um 2000 hvíta Bandaríkjamenn, sem ekki voru gyðingatrúar.²² Spurningalistinn var samansettur af þremur gerðum af spurningum.²³ Fyrsta gerðin sneri að staðreyndum, þar sem þátttakendur voru beðnir um að svara spurningum um núverandi og fyrrverandi aðild sína að hópum og flokkum, líkt og félagshópum, kirkjuhópum og stjórnmalaflokkum. Tilgangurinn með þeim var sá að skoða persónulega reynslu þáttakenda af slíkum hópum.²⁴ Önnur gerð spurninganna gekk út á að kanna skoðanir og viðhorf þáttakendanna. Í þeim tilgangi bjuggu Adorno og félagar til fjóra mælikvarða.²⁵ Þrír þeirra áttu að mæla gyðingahatur, þjóðhverfan hugsunarhátt og pólitíska íhaldssemi. Fjórða kvarðanum var hins vegar ætlað að mæla möguleika þess að einstaklingur væri móttækilegur hugmyndafræði fasisma, sá skali var nefndur F-mælikvarði. Hann átti að

²⁰ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 2.

²¹ Jan Baars og Peer Scheepers, „Theoretical and methodological foundations of the authoritarian personality,“ bls. 345.

²² Jóhann M. Hauksson, *Kynþáttahyggi*, bls. 115.

²³ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 13-16.

²⁴ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 13.

²⁵ Martin Roiser og Carla Willig, „The strange death of the authoritarian personality: 50 years of psychological and political debate,“ bls. 73.

vera helsti mælikvarði á hinn ráðgjarna persónuleika og miðaði út frá því að kanna persónuleika þáttakendanna, fremur en viðhorf líkt og hinir þrír mælikvarðarnir gerðu. Síðarmeir í rannsókninni var honum ætlað að mæla líkur þess að ráðgjarn persónuleiki væri móttækilegri fyrir hverskyns fordómum, fremur en eingöngu hugmyndafræði fasismans.

Hver ofangreindra mælikvarða byggði á samansafni fullyrðinga, þar sem hver þátttakandi þurfti að tilgreina að hve miklu leyti hann væri sammála eða ósammála þeim fullyrðingum. Þær fullyrðingar voru hannaðar til þess að réttlæta órókréttar tilhneigingar. Þeir aðilar sem réttlættu eina eða fleiri órókrétta staðhæfingu voru líklegri til þess að réttlæta fjölda annarra slíkra fullyrðingar.²⁶

Adorno og félagar völdu fjórðung þeirra aðila sem mældust með hæstan stigafjölda á spurningalistanum og fjórðung þeirra sem mældu með lægstan fjölda, til þess að kanna betur hugmyndafræðilega tilhneigingu þeirra.²⁷ Rannsakendurnir ákváðu að kanna betur viðhorf og skoðanir þessa aðila með persónulegum viðtölum í þeim tilgangi að staðfesta lögmæti spurningalistsans.²⁸ Slík viðtöl gáfu þeim einnig færi á að rannsaka nánar þá þætti í persónuleikanum sem lægu að baki fordómafullu viðhorfi.

„RÁDGJARN PERSÓNULEIKI“ ER RASISTI

Adorno og samstarfsmönnum hans tókst að greina ákveðið mynstur í persónuleika ráðgjarns einstaklings sem byggdist á nýu eiginleikum.²⁹ Þeir eiginleikar styrktu stoðir kenninga þeirra féлага, um einstaklinga undirgefna ráðandi aðilum innhóps sem og fordóma gagnvart úthópum, er taldir voru óæðri innhópum. Eigindleg athugun þeirra á

²⁶ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 16.

²⁷ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 25.

²⁸ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 13.

²⁹ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 228.

þátttakendum, sem sýndu tilhneingingu til fordóma, styrktu stóðir þessarar kenningar þeirra, þar sem meginþorri þeirra hafði yfir slíkum eiginleikum að bera.

Fyrsta einkennið byggði á því að einstaklingur aðhylltist sterklega hefðbundum gildum samfélags.³⁰ Rannsóknin leiddi í ljós jákvæða fylgni á milli þess að aðhyllast hefðbundum gildum innhóps og tilhneiginu til fordóma gagnvart úthópum, sem ekki aðhylltust slík gildi.

Annar eiginleiki ráðgjarns persónuleika fól í sér undirgefni við yfirvald.³¹ Í slíkri undirgefni töldu rannsakendur að einstaklingar væru undirgefnir leiðtogum innhóps síns. Ráðgjarn persónuleiki hefði ógagnrýnið viðhorf gagnvart siðgæði og stefnu ráðandi aðila innhóps. Sem dæmi um slíka undirgefni væri óbilgjörn trú og staðfesta gagnvart leiðtogum nasismans í Seinni heimsstyrjöldinni.

Þriðji eiginleiki ráðgjarns persónuleika lýsti tilhneingingu þess að finna fyrir árásgirni gegn fólki sem ráðgjarnir einstaklingar töldu að ekki fylgdu hefðbundum gildum.³² Ástæður fyrir slíkri árásgirni fólust í því að ráðgjarn persónuleiki, sem sjálfur bældi eigin gildi fyrir hin ráðandi hefðbundum gildi innhóps, beindi óánægju sinni gagnvart þeim aðilum sem ekki gerðu slíkt hið sama. Á þann hátt fengi hann útrás fyrir eigin hömlur í því að fordæma, hafna eða refsas þeim sem brytu í bága við þau gildi sem valdhafi hans boðaði.

Hinn fjórði eiginleiki byggðist á mótförá gegn sjálfsskoðun, þar sem að ráðgjarnir einstaklingar voru taldir vera mótfallnir sjálfstæðum hugsunarhætti og áhrifum ímyndunarafslins.³³ Ofangreindir persónuleikar óttuðust að sjálfstæður hugsunarháttur gæti leitt til þess að einstaklingur „hugsaði rangar hugsanir“.³⁴ Hann gæti átt það á hættu

að komast í samband við raunverulegar tilfinningar sínar, sem yrði til þess að hann missti stjórn á öllum tilfinningum sínum.

Hjátrú og staðlaðar ímyndir mynda fimmta eiginleika hins ráðgjarna persónuleika.³⁵ Í hjátrúnni fólst sú hugmynd að yfirnáttúruleg öfl sæu um að ákvarða örlög einstaklinga. Hjátrúin færði þannig ábyrgð einstaklinganna á eigin lífi yfir á utanaðkomandi öfl. Staðlaðar ímyndir vísa til þess að ráðgjarnir einstaklingar væru gjarnir á að mynda sér fyrirframákvarðaðar skoðanir á úthópum. Rannsókn Adorno og félaga leiddi í ljós tengsl beggja þessara eiginleika við lágt gáfnafar og illa upplýsta einstaklinga, sem væru þá sökum fáfræði líklegri til þess að hafa fordóma gegn öðrum hópum.

Sjötti eiginleikinn lýsti því hversu gagntekinn hinn ráðgjarni persónuleiki væri af völdum, af drottunargirni valdhafa og undirokun fylgjenda hans.³⁶ Sá eiginleiki bar með sér að ráðgjarnir persónuleikar mátu öll sambönd manna á milli á grunni valds og undirokunna, á grunni ráðandi einstaklinga og hinna „veiku“ einstaklinga. Sami eiginleiki lýsti einnig ákveðinni seiglu einstaklinganna, þar sem að þeir virkuðu mjög harðgerðir á yfirbörðinu. Slík harðneskja væri í raun afleiðing veiks sjálfs þeirra og viðleitni til þess að bæla þær hvatir sem ekki samræmdust innhópi þeirra.

Hinn sjöundi eiginleiki, að mati Adorno og samstarfsmanna hans, fólst í yfirgangi og kaldlyndi gagnvart úthópum.³⁷ Sú óvild stafaði af því að hinn ráðgjarni einstaklingur þurfti að setta sig við utanaðkomandi hömlur á eigin hvatir og sökum þess bar hann innra með sér undirliggjandi tregðu. Útrás fyrir þá tregðu fólst í tilfærslu hennar á úthópa sem birtist í yfirgangi, gremju, hneykslan og gagnrýni á einstaklinga þeirra hópa.

Áttundi eiginleiki ráðgjarns persónuleika fólst í því að slíkir persónuleikar bældu hvatir sínar og

fengu útrás fyrir þær í fordómum.³⁸ Ráðgjarn persónuleika varpar þannig bældum, óæskilegum, tilfinningum sínum yfir á aðra hópa og beinir svo fordómum sínum að þeim í þeim tilgangi að losna undan þeim.

Níundi og jafnframt síðasti eiginleiki ráðgjarns persónuleika, samkvæmt Adorno og félögum, fólst í ofstopa gagnvart „óæskilegum“ kynhvötum, sem þá helst væru taldar kynferðisafbrot og samkynhneigð.³⁹ Ráðgjarnir einstaklingar höfðu sterka tilhneingingu til þess að refsas samkynhneigðum og kynferðisbrotamönnum en hins vegar töldu Adorno og félagar að slík tilhneing gæti stafað af umvörpun á bælingu eigin kynhvata yfir á þá aðila sem tilheyrðu ofangreindum hópum.

Rannsóknin einblíndi á tegund hins ráðgjarna persónuleika, á þá aðila sem að skoruðu hátt á mælikvörðum hennar.⁴⁰ Adorno og félagar töldu að þessir aðilar væru líklegri til þess að vera fordómafullir gagnvart gyðingum, aðhyllast þjóðræknunum skoðunum, vera óvinveittir útendingum og minnihlutahópum (til að mynda svertingjum) og vera íhaldssamir gagnvart velferðakerfum og verkalýðsfélögum. Þeir færðu rök fyrir því að öll þessi einkenni til samans væru merki um ráðgjarnan persónuleika og fordómafullan einstakling. Þeir héldu því fram að ráðgjarnir einstaklingar væru „sálfræðilega óheilbrigðir“ einstaklingar og að mótun persónuleika þeirra mætti rekja til uppeldisins, þar sem að samband foreldris og barns væri byggt á valdi foreldra og undirgefni barns. Auk þess máttu ráðgjarnir persónuleikar oft sæta hörðum refsingum sem börn.⁴¹

Uppruna hins ráðgjarna persónuleika væri því að finna í uppeldi

³⁸ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 240.

³⁹ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 241.

⁴⁰ Martin Roiser og Carla Willig, „The strange death of the authoritarian personality: 50 years of psychological and political debate,“ bls. 74.

⁴¹ Martin Roiser og Carla Willig, „The strange death of the authoritarian personality: 50 years of psychological and political debate,“ bls. 74.

³⁰ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 228-229.

³¹ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 231.

³² T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 232.

³³ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 235.

³⁴ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 235.

³⁵ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 236.

³⁶ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 237.

³⁷ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 239.

einstaklinga.⁴² Þegar að uppeldi barns grundvallast á stigveldi í sambandi foreldra og barns þá leiði það til þess að barn bælir eigið sjálf og meðtekur í þess stað yfirsjálf foreldra sinna. Á þann hátt eru foreldrarnir drottandi aðilarnir í sambandinu og barnið undirgefið þeirra vilja.⁴³ Adorno og félagar töldu að líklegt væri að slíkt samband myndi með tímanum þróast í flókið valdasamband á milli einstaklings og þess hóps sem hann teldi sig tilheyra. Í slíku valdasambandi væri hinn undirokaði aðili háður sterkari aðilanum sem þá á móti gæti nýtt sér undirgefni hins veikari aðila að eigin geðþótta. Hinn ráðgjarni persónuleiki myndaði þannig með sér þörf til þess að binda sig öflugum valdi sem hefur tilhneigingu til þess að fyrirrita og hafna því sem það álitur óæðra. Slíkt samband væri greinilegt í einkenni persónuleikans sem tilgreinir staðlaðar ímyndir, og með þeim kloffningi sem varð vegna skiptingu hópa í innhópa og úthópa.

Síðfestuvenju, ósveigjanleika, bælingu á á eigin gildum, ótta og ósjálfstæði töldu þeir einnig vera undirstöðuatriði ráðgjarns persónuleika sem hægt væri að merkja í persónulegu lífi og viðhorfi slíkra persónuleika, gagnvart trú og málefnum samfélagsins.⁴⁴

Adorno tóku það skýrt fram í niðurlagi bókarinnar að niðurstöður rannsóknarinnar tæku einungis á möguleika þess að persónuleiki ráðgjarns einstaklings brytist út í fordómafullri hegðun. Hins vegar væri slík hegðun skilyrft þeim kringumstæðum sem slíkur einstaklingur fyndi sig í.⁴⁵

Í heildina á litid töldu Adorno og félagar að uppruna hins ráðgjarna persónuleika mætti rekja til uppeldisins. Þróun slíks persónuleika

hefst á barnsaldri þar sem að foreldrar beita valdi sínu til þess að móta barnið að eigin vilja, og með því bæla þeir náttúrulegar hvatir barnsins. Þannig myndar barnið djúpa þörf þess að lúta valdi sterkari aðila strax í æsku. Á fullorðinsaldri leitast einstaklingur eftir að samsama sig hópi sem hefur getu til þess að taka yfir hlutverki foreldranna, sem yfirboðara valds. Þannig öðlast ráðgjarn einstaklingur öryggi, sem hann þekkir úr barnæsku sinni. Hann fær þá tilfinningu að hann tilheyri innhópi sínum og aðlagar sig að gildum hans.

Í þroskaferli sínu mynda því ráðgjarnar persónur ofangreinda níu eiginleika sem aðskilja þá frá öðrum persónum. Þessir eiginleikar veita þeim útrás fyrir bældar kenndir sálarlífsins svo þeir geti lifað í sátt og samlyndi við sjálfa sig og varpað öllum óæskilegum hvötum, viðhorfum og skoðunum á þá hópa sem þeir samsama sig ekki. Þær hvatir, þau viðhorf og þær skoðanir eru iðulega það sem í daglegu tali við nefnum fordóma, og þeir beinast að þeim sem tilheyra ekki sömu hópum og ráðgjarn einstaklingur.

GAGNRÝNI Á HUGTAKIÐ

Adorno og félagar hafa verið gagnrýndir fyrir bæði aðferðafræði og kenningalega nálgun á viðfangsefni rannsókna sinnar.⁴⁶ Aðferðafræði þeirra hefur þó gegnum tíðina verið mun meira gagnrýnd. Helsta gagnrýnin á hana felst í orðalagi spurninganna, þar sem að þær byggðust allar á einhliða stefnu í orðalagi. Gagnrýnendur vildu meina að sumt fólk hefði tilhneigingu á að segja „já“ við öllum spurningum og því væri niðurstaða rannsóknarinnar skekkt.⁴⁷ Sú staðreynd að spurningarnar voru allar byggðar upp á neikvæðum fullyrðingum leiddi þannig til þess að Adorno og samstarfsmenn hans ofmátu

tengsl þátttakenda við hinn ráðgjarna persónuleika. Venja var að byggja spurningalista upp á jöfnum fjölda jákvæðra og neikvæðra atriða en sú venja var virt að vettugi í rannsókn þeirra. Mælikvarði sá er þeir studdust við til þess að geina hinn ráðandi persónuleika, F-mælikvarðinn, þótti því gallaður.⁴⁸ Gagnrýni á hann tilgreindi þannig að ekki væri hægt að fullyrða að þeir aðilar sem skoruðu hæstu gildin hefðu skorað þau vegna þess að þeir væru í raun ráðgjarnir persónuleikar eða vegna þeirrar ástæðu að þeir samsinntu fullyrðingum einungis vegna tilhneigingar til þess að samsinna þeim spurningum sem fyrir þá voru bornar. Því væri F-mælikvarðinn ekki fullgildur mælikvarði til þess að mæla ráðgjarna persónuleika, og rökrétt ályktun af þeirri niðurstöðu gefur til kynna að ekki var hægt að rökstyðja þá niðurstöðu að ráðgjarn persónuleiki væri rasisti.

Gagnrýni á kenningu Adorno og féлага fólst einna helst í því að við rannsóknina hefðu þeir aðeins gert ráð fyrir einhliða stefnu á pólitískum og félagslegum viðhorfum hins ráðgjarna persónuleika.⁴⁹ Sú stefna hefði aðeins byggst á hugmyndafræði fasisma, eða hugsunarhætti öfga-hægri afla, sem ráðgjarnir persónuleikar töldust til. Á hinn enda mælikvarðans hefðu þeir gert ráð fyrir algjörum lýðræðissinum. Adorno og samstarfsmenn hefðu því í raun skorið burt alla flórana þar á milli, því heimurinn væri ekki aðeins svartur og hvítur. Gagnrýnendur héldu því fram að með því að fullyrða að ráðgjarnir persónuleikar tilheyrdu aðeins öfga-hægri sinnaðri stefnu byggji á hlutdrægni höfundanna og því væri rannsóknin gölluð.

Eins og minnst var á í inngangnum, þá á kynþáttahyggja rætur sínar að rekja til sálrænna og félagslegra orsaka. Hins vegar lögðu Adorno og félagar aðeins áherslu á sálrænar

⁴² Jóhann M. Hauksson, *Kynþáttahyggja*, bls. 116.

⁴³ John Levi Martin, „The

Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?“, bls. 2.

⁴⁴ John Levi Martin, „The Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?“, bls. 2.

⁴⁵ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 972.

⁴⁶ Martin Roiser og Carla Willig, „The strange death of the authoritarian personality: 50 years of psychological and political debate“, bls. 78.

⁴⁷ Martin Roiser og Carla Willig, „The strange death of the authoritarian personality: 50 years of psychological and political debate“, bls. 78.

⁴⁸ John Levi Martin, „The Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?“, bls. 3.

⁴⁹ Martin Roiser og Carla Willig, „The strange death of the authoritarian personality: 50 years of psychological and political debate“, bls. 80.

orsakir, sem byggðust á eiginleikum persónuleikans. Í niðurlagi á bók þeirra kemur þó fram að aðstæður hins ráðgjarna persónuleika stjórni því hvort að hegðun hans brjótist fram í fordómum.⁵⁰ Hins vegar gerðu þeir ekki ráð fyrir því að aðstæður og umhverfi fólks gætu í raun verið ástæðan fyrir fordómum manna, líkt og félagslegar orsakir kynþáttahyggju styðjast að miklu leyti við.⁵¹ Adorno og félagar lögðu því ofuráherslu á einkenni persónuleikans til þess að útlista rasísk viðhorf, en álitu ekki að viðhorfin sem slík gætu verið afleiðing annarra þátta. Einhliða sýn Adorno og samstarfsmanna hans á því að hinn ráðgjarni persónuleiki sé meginorsök að baki fordómum leiðir þannig til þess að draga úr skýringagildi hennar, þar sem að samspil félagslegar þátta liggja þar einnig að baki.

Margar tilraunir hafa verið gerðar til þess að endurbæta rannsókn Adorno og féлага og hafa þær að mestu leyti falist í þeim tilraunum að breyta aðferðafræðinni rannsóknanna.⁵² Hins vegar hefur Robert Altemeyer hvort tveggja breytt aðferðafræðinni og endurbætt kenninguna.⁵³ Hann endurbætti F-mælikvarðan sem Adorno og félagar studdust við í sinni rannsókn og bjó til „right-wing authoritarianism“ mælikvarða. Hann vill meina að í stað þeirra níu eiginleika sem einkenni hinn ráðgjarna persónuleika, þá búi hann aðeins yfir þremur einkennum. Þau einkenni fela í sér undirgefni við yfirboðara, árásargirni og þá tilhneigingu að aðhyllast sterkt hefðbundnum gildum. Altemeyer hafnar þeirri kenningu Adorno og samstarfsmanna um að ráðgjarni persónuleikinn byggist á freudískum kenndum, að hann þróist í uppeldinu og bæli kenndir sálarlífsins á óeðlilegan máta. Þó samþykkir hann

þann hluta af kenningunni þeirra sem lýsir öðrum strúktúr á persónuleikum þeirra en annarra.⁵⁴

Það hafa vaknað margar spurningar varðandi hinn ráðgjarna persónuleika.⁵⁵ Spurningar þess efnis hvort hann tengist pólitískum gildum eða sálfræðilegum kenningum felur hins vegar í sér heiðarleika þátttakendanna í þeim rannsóknum sem gerðar eru. Í mörgum tilfellum þurfa rannsakendur að meta slíkt sjálfir. Augljóst dæmi um slíkt felur í sér rannsókn á viðhorfi hvíttra Bandaríkjamanna gagnvart kynþáttahyggju. Rannsóknargögn taka af allan vafa um að sterkur vilji til þess að falla að samfélaginu leiðir til þess að stór hluti hvíttra gerir almennt séð lítið úr fordómum sínum gagnvart svertingjum. Því muni allar afdráttarlausar tilraunir til þess að mæla kynþáttahyggju leiða til þess að ekki „náist“ allir rasistarnir. Í því skyni hafa margskonar uppástungur verið færðar fram þess efnis hvernig best sé að mæla kynþáttahyggju, þær hafa beint sjónum sínum á „nýrri eða táknrænni“ kynþáttahyggju.⁵⁶ Gögn benda til þess að slíkar mælingar geti raunverulega numið varanlega afstöðu þátttakenda gagnvart svertingjum, sem eldri mælingum hefur ekki tekist. Niðurstöður þeirra rannsókna hafa leitt í ljós almenna óvild gagnvart svertingjum, sérstaklega á opinberum vettvangi. Hins vegar leiða þær aðferðir til þess að virða að vettugi hvað þátttakendurnir raunverulega hafa að segja um eigin viðhorf, skoðanir og gildi. Þá vaknar upp sú spurning, hvernig vitum við hvort fordómarnir byggjast á persónulegu gildismati eða gildismati hóps sem einstaklingur samsamar sig?

Rannsakendur á táknrænni kynþáttahyggju lögðu í upphafi mikla áherslu á að greina þá almennu óvild út

frá einstaklingum en ekki greina hana sem einkenni heilla hópa (þ.e. líkt og ráðgjarns persónuleika).⁵⁷ Hins vegar hafa rannsóknir á táknrænni kynþáttahyggju gefið til kynna að það virðist vera tenging á milli almennri óvild gagnvart svertingjum og hefðbundnum gildum.⁵⁸ Afleiðing þess hefur verið sú að hún hefur hlotið talsverða gagnrýni. Vandamálið sem slíkt hefur í för með sér snýr að ósamhverfri skilgreiningu á „fordómafullu“ persónunni. Fræðimenn, líkt og Altemeyer, hafa verið gjarnir á að skilgreina þá persónu út frá sálfræðilegum eiginleikum, sem aðrir fræðimenn telja ekki nægilega gilda skilgreiningu. Með því að skilgreina fordómafullu persónuna út frá sálfræðilegum sjónarmiðum reynist erfitt að gera greinamun á táknrænni kynþáttahyggju, sem miðast út frá einstaklingum og gildismati hans, og kynþáttahyggju sem miðast út frá hópum, líkt og í tilfelli ráðgjarns persónuleika.

Rannsóknir á persónuleika, sem byggður er á sálfræðilegum eiginleikum sem hafa verið fyrirfram skilgreindir, gera það að verkum að ómögulegt er að gera greinamun á fólki sem er fordómafullt eingöngu vegna eigin gildismats eða þeirra sem byggja skoðanir sínar á kynþáttahyggju þeirra hópa sem þeir tilheyra. Ef um er að ræða annað tilfellið í rannsókn þá gefa niðurstöður í ljós hvort tveggja.⁵⁹

Rannsóknir á ráðgjörnum persónuleika hafa verið vinsælar í gegnum tíðina. Helsta gagnrýni þeirra byggist á aðferðafræðilegri nálgun, hvernig best sé farið að því að mæla þá eiginleika sem sameiginlegt sé með slíkum persónum. Hins vegar vaknar upp sú spurning hvort að sálfræðina, sem notuð er í kenningum rannsóknarinnar, megi ekki varpa yfir á

⁵⁰ T.W. Adorno et. al., *The Authoritarian Personality*, bls. 972.

⁵¹ Jóhann M. Hauksson, *Kynþáttahyggja*, bls. 116.

⁵² Martin Roiser og Carla Willig, „The strange death of the authoritarian personality: 50 years of psychological and political debate,“ bls. 72.

⁵³ John Levi Martin, „The Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?,“ bls. 13.

⁵⁴ John Levi Martin, „The Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?,“ bls. 14.

⁵⁵ John Levi Martin, „The Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?,“ bls. 22.

⁵⁶ John Levi Martin, „The Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?,“ bls. 22.

⁵⁷ John Levi Martin, „The Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?,“ bls. 22.

⁵⁸ John Levi Martin, „The Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?,“ bls. 23.

⁵⁹ John Levi Martin, „The Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?,“ bls. 23.

rannsakendurna. Í stað þess að þátttakendurnir eigi sameiginleg einkenni sem leiði til fordóma þeirra, getur þá ekki verið að rannsakendurnir upp til hópa hafi sálfræðilega þörf til þess að finna „vöndu karlana“?⁶⁰

NIÐURSTÖÐUR

Rannsóknir um hinn ráðgjarna persónuleika hafa haft mikil áhrif á síðari rannsóknir, í þeim tilgangi komast að raunum um hvers vegna fólk býr yfir fordómum. Kenningin um hinn ráðgjarna einstakling, sem lítur á sig og sína sem betri en aðra og hefur allt á höndum sér gagnvart óæðri aðilum, hefur verið langlíf. Hún hefur fært fram athyglisverða nálgun á sálfræðilegar orsakir kynþáttahyggju. Enn í dag styðjast margir fræðimenn við hugmyndir Adorno og samstarfsfélaga hans um að hægt sé að útskýra tilhneigingu fólks til fordóma gegn öðrum, út frá ákveðnum sameiginlegum eiginleikum þeirra. Hins vegar hefur rannsóknin sem slík valdið nokkrum ágreiningi meðal fræðimanna, sem leitt hefur til þess að þeir hafa reynt að betrubæta aðferðafræðilega nálgun á kenninguna.⁶¹ En kenningin sem slík, þó ekki hún sé ekki fullkomin, hefur reynst gagnleg í þeim tilgangi að veita sálfræðilega innsýn inn í og útskýra hvers vegna sumir einstaklingar eru frekar rasistar en annað fólk. Vel kann að vera að þeir sem eru móttækilegri fyrir áróðri sem leiði til fordóma búi yfir sameiginlegum eiginleikum. Slíkir eiginleikar kunna að ýta undir útrás fyrir bældar tilfinningar. Vafalaust má skýra fordómafullar hugmyndir margra einstaklinga á þeim grunni að þeir leitast eftir að samsama sig ákveðnum hópum og tileinki sér hugmyndir þeirra hópa í þeim tilgangi að öðlast ákveðið öryggi og festu. Hins vegar er ekki hægt að alhæfa um að rasismi byggist eingöngu á ráðgjörnum persónuleikum,

í flóknum heimi er áhrifa á einstaklinga allsstaðar að gæta.

Síðari nálgun á verk Adorno og félaga hafa leitt til endurbættrar hugmynda, sem leggja aukna áherslu á gildismat einstaklinga, en sameiginleg einkenni hópa. Hins vegar hafa þær einnig byggst á sálfræðilegri nálgun, sem hefur iðulega verið fyrirfram skilgreind. Slíkt gerir það að verkum að erfitt er að greina á milli hvort fordómar byggja á almennu gildismati einstaklings eða kynþáttahyggju þeirra hópa sem hann tilheyrir, enda hefur áhersla þeirra rannsókna byggst fremur á meginlegum rannsóknum og útlistun þátttakenda á eigin viðhorfum hefur ekki verið tekin til skoðunar. Það má því segja að fordómar byggja á víðtækari nálgun en þeirri sálfræðilegu sem hinn ráðgjarni persónuleiki hefur fram að færa.

HEIMILDASKRÁ

Adorno, T.W., Daniel J. Levinson, Else Frenkel-Brunswick og R. Nevitt Sanford. *The Authoritarian Personality*. New York: Harper & Row, 1950.

Baars, Jan og Peer Scheepers. „Theoretical and methodological foundations of the authoritarian personality.“ *Journal of the History of the Behavioural Sciences* 29 (október 1993), bls. 345-353, <http://dare.uhn.kun.nl/bitstream/2066/14330/1/3357.pdf> (sótt 15 maí 2009).

Jóhann M. Hauksson. *Kynþáttahyggja*. Reykjavík: Mál og menning, 1999.

Martin, John Levi. „The Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?“ *Political Psychology* 22, nr. 1 (mars 2001), bls. 1-26, <http://www3.interscience.wiley.com/cgi-bin/fulltext/119021076/PDFSTART> (sótt 13.maí 2009).

Roiser, Martin og Carla Willig. „The strange death of the authoritarian personality: 50 years of psychological and political debate.“ *History of the Human Sciences* 14, nr. 4 (2002), bls. 71-96. <http://hhs.sagepub.com/cgi/reprint/15/4/71> (sótt 16. maí 2009).

⁶⁰ John Levi Martin, „The Authoritarian Personality, 50 Years Later: What Lessons Are There for Political Psychology?“, bls. 24.

⁶¹ Martin Roiser og Carla Willig, „The strange death of the authoritarian personality: 50 years of psychological and political debate“, bls. 93.